

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/13/EB

2007/EES/26/27

frá 29. janúar 2004

um breytingu á tilskipun 2002/16/EB um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fram og Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur lagt mat á þau.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/109/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 20. febrúar 2002 um notkun tiltekinna epoxýafleiða í efni og hluti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾, er mælt fyrir um tilteknar reglur sem gilda um notkun/tilvist 2,2-bis(4-hýdroxýfenýl)-própan-bis(2,3-epoxýprópýl)etra („BADGE“), bis-(hýdroxýfenýl)metan-bis(2,3-epoxýprópýl)etra („BFDGE“), nóvólak-glýsidýletra („NOGE“) og sumra afleiðna þeirra í efnunum og hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.
- 2) Í þeirri tilskipun er kveðið á um að notkun og/eða tilvist BADGE við framleiðslu þessara efna og hluta má aðeins halda áfram til 31. desember 2004.
- 3) Vísindanefndin um matvæli (SCF) óskaði eftir eiturefnafræðilegum gögnum til að unnt væri að meta BADGE innan tiltekins frests. Vísindanefndin um matvæli óskaði einnig eftir því að lögð yrðu fram ný eiturefnafræðileg gögn til að meta hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif klóraðra afleiðna sem eru háðar magntakmörkunum sem gilda um flæði BADGE og kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2002/16/EB.
- 4) Hinn 4. desember 2002 vakti vísindanefndin um matvæli athygli á neikvæðum niðurstöðum að því er varðar hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif klóraðra afleiðna BADGE og hversu lítil áhrif BADGE hefur á evrópska neytendur þar eð innihald BADGE í niðursoðnum mat hefur verið verulega skert, samkvæmt nýlegum könnunum aðildarríkjanna og sameiginlegar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna. Því er leyfilegt að framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir BADGE um eitt ár uns nýju eiturefnafræðilegu gögnin hafa verið lögð

- 5) Í tilskipun 2002/16/EB er kveðið á um að kröfur þeirrar tilskipunar, að því er varðar BADGE, BFDGE og NOGE, skuli ekki gilda um efni og hluti, þakta efnunum til yfirborðsmeðferðar, og lím, sem komast í snertingu við matvæli fyrir 1. mars 2003. Heimilt er að setja áfram á markað þessi efni og hluti að því tilskildu að áfyllingardagur komi fram á viðkomandi efnunum og hlutum. Til að túlkun sé ótvívæld, varðandi það hvernig merkja eigi efni og hluti með áfyllingardegi, skal kveða á um að í stað áfyllingardags megi koma dagsetningin sem varan er „best fyrir“ eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽³⁾, eða önnur merking, s.s. númer framleiðslueiningar eins og krafist er í tilskipun ráðsins 89/396/EBE ⁽⁴⁾ fyrir matvæli sem pakkað er í slík efni og hluti. Þó er nauðsynlegt að koma á tengslum milli slíkra merkna og áfyllingardags svo ávallt sé hægt að ráða áfyllingardaginn af merkingunni.
- 6) Því ber að breyta tilskipun 2002/16/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2002/16/EB er breytt sem hér segir:

1. í annarri málsgrein 2. gr. komi dagsetningin „31. desember 2005“ í stað „31. desember 2004“.
2. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:
„5. gr.

1. Ákvæði 2., 3., og 4. gr. gilda ekki um efni og hluti, sem um getur í b- og c-lið annars undirliðar 1. mgr. 1. gr., sem komast í snertingu við matvæli fyrir 1. mars 2003.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 27, 30.1.2004, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 51, 22.2.2002, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.

Heimilt er að setja á markað þessi efni og hluti að því tilskildu að áfyllingardagur komi fram á viðkomandi efnum og hlutum. Hins vegar er heimilt að nota aðra merkingu í stað áfyllingardags, að því tilskildu að unnt sé að ráða áfyllingardaginn af merkingunni. Upplysingar um áfyllingardag skulu, að fenginni beiðni, lagðar fyrir lögðar yfirvöld og alla sem koma að því að framfylgja kröfum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um kröfur tilskipunar 2000/13/EB.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. janúar 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

varaforseti.